

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Vegagerðin Ísafirði



<b>Dags eftirlits</b>	22.8.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Vegagerðin	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Dagverðardal	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	680269-2899	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Pétur I. Ástvaldsson	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Daníel Árnason	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik fundust í efitliti en þrjár athugasemdir voru gerðar

### UMFANG EFTIRLITS

- Fundur
  - Staða frávik og athugasemda frá fyrra eftirliti (2015).
  - Beiðni Daníels Árnasonar um tímabundna undanþágu frá ákvæðum í reglugerð nr. 35/1994 um áfylliplan með niðurfalli tengdu olíuskilju.
  - Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi.
- Skoðun á bikstöðinni

Starfsleyfi bikstöðvarinnar heimilar geymslu á 780 m<sup>3</sup> af biki í stærsta geymi eða þau önnur olíufeni sem ætluð eru til malbiks- og olíumalarframleiðslu. Farið skal að ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starsemi í landi við geymslu efnanna.

a. Sest var niður með stöðvarstjóra bikstöðvarinnar Pétri I. Ástvaldssyni og forstöðumanni rekstrardeildar, Daníel Árnasyni og var farið yfir stöðu frávik frá eftirliti ársins 2015.

1) Búið er að byggja þrjú úr grjótfylltum netkörfum (gabion) um bikgeyminn til þess að verja það að olía (bik) flæði í sjóinn. Reiknað rúmmál lóðar bikstöðvarinnar eftir breytingar er um 305 m<sup>3</sup> og því ætti bik ekki að renna í sjóinn ef illa færi. Sótt verður um breytingar á starfsleyfi til þess að heimila bikhelda þrjú í stað þess sem krafist er nú þ.e. olíuhelda þrjú. Því verður ekki gerð athugasemd við þetta atriði að þessu sinni.

2) Rekstraraðili hefur sótt um tímabundna undanþágu frá kröfum um áfyllingarplan og olíuskilju, en í reglugerð sem um þessi mál fjalla er heimild til Umhverfisstofnunar til þess að veita tímabundna undanþágu frá kröfum til mengunarvarna ef ríkar ástæður eru til. Stofnunin hefur sent erindið til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til afgreiðslu. Því verður ekki gerð athugasemd við þetta atriði að þessu sinni.

3) Í stöðinni eru tveir olíugeymar, bikgeymirinn og annar geymir undir lífolíu, 54m<sup>3</sup> að stærð. Báðir botnþykktarmældir, annar árið 2011 en hinn 2015. Því er þriðja frávikinu frá 2015 farsællaga lokað.

b. Eins og fram hefur komið hér að ofan þá hefur Umhverfisstofnun til umfjöllunar umsókn rekstraraðila um tímabundna undanþágu frá kröfum um áfyllingarplan og olíuskilju, en í reglugerð sem um þessi mál fjalla er heimild til Umhverfisstofnunar til þess að veita tímabundna undanþágu frá kröfum til mengunarvarna ef ríkar ástæður eru til. Stofnunin hefur sent erindið til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til afgreiðslu. Þetta mál bíður því áfram afgreiðslu.

c. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi. Engar neðanjarðarlagnir eru í stöðinni, einungis ofanjarðarstállögn á milli lífolíugeymisins og blöndunar- og dæluhluta bikstöðvarinnar, u.þ.b. 6-8 metrar. Lausir barkar eru notaðir við löndun á biki. Þrær eru um geymana, olíuheld þrjú um lífolíugeyminn og bikheld þrjú um bikgeyminn. Olíuskilja er utan við þróna um lífolíugeyminn og þjónar hún lífolíuþrónni og áfyllingarplaninu. Athuga þarf með að setja þrengingu á affallið frá áfyllingarplaninu þar sem malbikunarframkvæmdir á Mávagarði (bæjarfélagið) hafa aukið yfirborð þess svæðis sem olíuskiljan þjónar þar sem malbikið hallar, á kafla að áfyllingarplaninu. Eins mætti koma fyrir kantsteini eða mön til þess að aðskilja áfyllingaplanið frá götunni. Olíuskiljan er innan þróarinnar sem er um bikgeyminn og þyrfti að hækka lok á olíuskiljunni upp í sömu hæð og þróarveggurinn.

Þróin um bikgeyminn hefur ekki niðurfall tengt olíuskilju í lægsta punkti og hefur rekstraraðili sótt um tímabundna undanþágu (grein 103 í reglugerð nr. 35/1994) frá þessu ákvæði þar til sótt verður um breytingar á starfsleyfi stöðvarinnar.

Allar tilskildar prófanir á mengunarvarnarbúnaði stöðvarinnar hafa farið fram utan þrýstiprófana á löndunarbörkum. Þær eru fyrirhugaðar seinna á árinu.

Áætlanir um frágang vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvun ásamt áhættumati og neyðar- og viðbragðsáætlun liggja fyrir. Sem og verklagsreglur vegna löndunar olíu úr skipum, afstöðumynd, flæðirit og rekstrarhandbók. Umhverfismarkmið Vegagerðarinnar voru afhent fulltrúa stofnunarinnar en þau er líka að finna á heimasíðu rekstraraðila. Keypt hefur verið ábyrgðartrygging vegna mögulegrar bráðamengunar.

Farið var í skoðun á bikstöðinni. Snyrtilegt er um að litast, en enn er ólokið framkvæmdum til þess að uppfylla öll ákvæði um mengunarvarnir olíubirgðastöðva. Rætt var um aðstöðu fyrir 1000 lítra kúta sem notaðir eru fyrir íblöndunarefni í malbik sem og að koma upp betri aðstöðu fyrir starfsmenn stöðvarinnar.

#### **ATHUGASEMDIR**

1. Ljúka þarf að breyta umbúnaði við olíuskilju þannig að hún anní mestu aftakaúrkomu. Þrengja inntakið í skiljuna eða minnka svæðið sem hún á að þjóna.
2. Ljúka þarf breytingum í bikstöðinni svo hún sé tilbúin að takast á við hugsanlega bráðamengum. Hækka lok á olíuskilju og við krana á affallslögn frá þró um lífolúgeymi.
3. Ljúka þarf þrýstiprófun á löndunarbörkum á árinu.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.09.2017



Gottskálk Friðgeirsson